

Námsgrein: Þemakennsla

1. bekkur

Kennari: Guðný Ósk Agnarsdóttir (umsj.), Laufey Harpa Halldórsdóttir (umsj.) og Árný Björnsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði eru kenndar í samþættum þemaverkefnum. Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Verkefni eru aðlöguð að getu hvers nemanda. Mikið er lagt upp úr yndislestri nemenda sem og upplestri í skólanum og heima. Lestur er tengdur inn í alla vinnu nemenda. Jákvæður agi litar samvinnu og samskipti nemenda og eru þemaverkefni stundum tengd við bekkjarfundi þar sem ýmislegt tengt lýðræði, mannréttindum og jafnrétti er rætt. Við skil á verkefnum eru aðferðir fjölbreyttar og skapandi og fá verkefni nemenda að njóta sín í námsumhverfinu. Heilbrigði og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu. Í stærðfræði er lögð áhersla á tungumál stærðfræðinnar og samvinnu nemenda við lausn verkefna. Unnið er í Sprota auk þemaverkefna og mikið lagt uppúr verklegri stærðfræði. Aðgengi að námsgögnum er gott og áhersla lögð á að hver og einn finni sínar leiðir til náms. Unnið með ýmis konar hjálpargögn og áþreifanleg námsgögn svo sem kubba, leir, frauðstafi ofl.

Námsmat: Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn með fjölbreyttum hætti. Kennarar fylgjast með skilningi nemenda á viðfangsefni og getu til úrvinnslu þess. Sjálfsmat nemenda eftir því sem við verður komið og merkt við viðmið um árangur á Mentor reglulega.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur og læsi í viðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Þeir lesa og túlka texta, myndir og tákn og tjá sig á fjölbreyttan hátt með aðferðum Byrjendalæsis.
Sjálfbærni	Nemendur læra að bera virðingu fyrir náttúru og samfélagi í nærumhverfi sínu.
Heilbrigði og velferð	Heilbrigði og vellíðan eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Nemendur fá tækifæri til hreyfingar, félagsleiks og þjálfast í að hlúa að eigin velferð.
Lýðræði og mannréttindi	Jákvæður agi byggir á virðingu, samvinnu og samræðum. Nemendur fá að taka ákvarðanir saman og læra að allir hafi rétt til þátttöku og virðingar.
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafna möguleika til náms og þátttöku. Fjölbreytileiki og styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum.

Sköpun	Nemendur fá að tjá sig á skapandi hátt í listum, leik og verkefnavinnu. Þeir þjálfra ímyndunarafl og fá að þróa hugmyndir sínar í hvetjandi umhverfi.
--------	---

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil	Þema og námsefni	Námsgreinar og markmið
Ágúst - september	<u>Skólabyrjun og vináttan</u> Námsefni: - Gæðatexti: Asnaskóli (A, S, Ó, L) Einnig O og Á - Gæðatexti: Viltu vera vinur minn?(I,N,U,R) Einnig Í og Ú - Vináttutré - Sproti 1a - Lestralandið 1 - Skrift 1A - Skrift - tölustafir - Fínhyfingahæfti Námsmat: - Námsmat kennara - Stafakönnun - Lesfimi hjá þeim nemendum sem eru tilbúnir - Talnakönnun 1-6 - Fínhyfingarkönnun	<i>Áhersla lögð á að nemendur læri að vera í skóla, kynnist skólanum og umhverfi hans og þjálfist í að fylgja reglum og fyrirmælum. Byrjað að leggja inn stafi og tölurnar 1-6.</i> Íslenska - Dregur rétt til stafs - Þekkir bókstafina og hljóð þeirra - Þekkir hugtökin bókstafur, hljóð og orð - Þekkir skriftaráttina Stærðfræði - Þekkir hugtakið tölustafur - Þekkir tölustafina 1-6 - Getur flokkað hluti eftir einkennum - Þekkir formin hringur, ferhyrningur og þríhyrningur. - Þekkir mynstur og reglubundna röð sem endurtekur sig Náttúru- og samfélagsgreinar - Þjálfast í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum - Átti sig á þeim reglum sem gilda í skólastofunni og í samskiptum nemenda - Kynnist skólanum og umhverfi hans Jákvæður agi - Bekkarsáttmáli, störfín í bekknum, Kalli krumpaði - Hvað einkennir góðan vin

Október	<u>Árstíðir</u> Námsefni: - Gæðatexti: Vinur minn vindurinn (D,T,M,V,H,B) - Gæðatexti: Árstíðarverurnar (Á og Ð) Með leikskólanum. - Gæðatexti: draugasögur - Sproti 1 a og b - Stærðfræðispæjarar - Skrift - Tölustafir - Skrift 1A - Sögubók - Lestralandið 1 - Fínhreyfingahefti Námsmat - Námsmat kennara - Sjálfsmat nemenda - Leið til læsis - Talnakönnun 7-10 - Sjálfsmat nemenda - Lesferill	<i>Áhersla lögð á árstíðir, hvað einkennir haust, vetur, vor og sumar. Haldið áfram með innlögnum bókstafa og unnið með tölurnar 7-10. Fjallað um veður og breytingar á umhverfinu eftir árstíðum. Unnið með draugasögur sem hluti af átaki læsisteymi Borgarhólsskóla.</i> Íslenska - Getur farið eftir reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig í einu - Getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim - Getur klappað atkvæði í orðum - Þekkir bókstafina og hljóð þeirra - Geta fundið og búið til orð sem ríma Stærðfræði - Þekkir tvívíð form í hversdagslegu umhverfi - Þekkir tölustafina 7-10 - Þekkir 10-vini - Þekkir hugtökin tugur og eining Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst hugtökunum hægri, vinstri, upp, niður, fram, aftur - Áttar sig á breytingum á nánasta umhverfi eftir veðri og árstíðum - Læra að taka eftir veðri, vindum, úrkomu, birtu og skýjafari - Hefur lært að taka tillit til veðurs, t.d. að klæða sig eftir veðri - Hefur tekið þátt í umræðum um siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning Jákvæður agi - Hefur kynnst notkun lausnahjól
Nóvember	<u>Fiskifjör</u> Námsefni: - Gæðatexti: Ég vil fisk! (F, K, E, É, Ö) - Sproti 1a og b - tölustafir - Stærðfræðispæjarar - Skrift 1 A	<i>Áhersla á endurtekningar og kurteisi, framkomu og munnlega tjáningu. Samþætting byrjendalæsi og náttúrufræði. Fiskar skoðaðir frá ýmsum hliðum, bæði sem lífverur og fæða.</i> Íslenska Getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt

	• Sögubók • Heimsókn á Safnahúsið • Lestralandið • Gestafyrirlesari - kokkur • Víðsjá • Tölvusmásjá Námsmat • Námsmat kennara • Stafakönnun	• Getur endursagt sögu munnlega • Getur beitt hugtökunum höfundur, aðalpersóna og söguþráður • Getur hljóðað sig í gegnum orð og skrifað sjálfur • Getur samið texta frá eigin brjósti Stærðfræði • Hefur fengið tækifæri til að ræða stærðfræði við bekkjarfélaga sína • Þekkir hugtökin að gera eitthvað tvisvar eða þrisvar sinnum • Þekkir mynstur og reglubundna röð sem endurtekur sig • Getur flokkað hluti eftir ólíkum einkennum • Getur safnað og flokkað eftir eiginleikum Náttúru- og samfélagsgreinar • Að nemendur kynnist fiskum og heitum algengra tegundum við Ísland • Hefur hlotið fræðslu og tekið þátt í umræðum um hvað verður um matinn sem við borðum Jákvæður agi • V-A-L
Desember	<u>Jólin</u> Námsefni: • Gæðatexti: Hlutaveikin • Gæðatexti: Ýmsir jólatextar, s.s. Grýlukvæði (J, G, P, Þ, Æ, Y, Ý) • Sproti 1 a • Stærðfræðispæjarar • Lestralandið • Skrift 1A • Sögubók • Töluskript • Jólahefti Námsmat • Námsmat kennara, munnlegar kannanir og yfirferð námsbóka	<i>Unnið með jólasögur, jólakvæði og sönglög. Fjallað um hefðir og siði í kringum jólin.</i> Íslenska • Getur hlustað á upplestur á textum og ljóðum • Hefur unnið með samsett orð • Dregur rétt til stafs og notar rétt grip • Þekkir bókstafina og hljóð þeirra Stærðfræði • Getur skipt jafnt á milli • Þekkir hugtökin meira en, minna en og jafnt • Þekkir tölustafina 11 - 20 Getur talið áfram og aftur á bak upp í 20 Náttúru- og samfélagsgreinar • Þekkir algeng tímahugtök eins og fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni, fortíð, nútíð, framtíð

	Talnakönnun 11-20	- Hefur kynnst íslenskum jólasíðum - Hefur kynnst frásögninni af fæðingu Jesú - Hefur tekið þátt í umræðum um siðræn viðfangsefni sem tengist vináttu og það sem tengist orðunum rétt og rangt, mitt og þitt Jákvæður agi - Áhersla lögð á þakklæti á bekkjarfundum
Janúar	<u>Líkaminn okkar</u> Námsefni: - Gæðatexti: Komdu og skoðaðu líkamann - Gæðatexti: Greppikló - Lestralandið - Sögubók - Sproti - Stærðfræðispæjarar 1 - Skrift 1 - Ritrún 1 Námsmat - Námsmat kennara - Stafakönnun - Lesfimi	<i>Fjallað um gerð mannslíkamans, starfsemi hans og þarfir.</i> Íslenska - Þekkir skrifaráttina - Getur skrifað um atburði úr eigin lífi, dagbók. - Getur hljóðað sig í gegnum orð og skrifað sjálfur Stærðfræði - Getur beitt einföldum hugarreikningi (tölur undir 20) - Getur lagt saman tölur 0-20 - Getur dregið frá tölur 0-20 - Þekkir hugtökin ár, mánuður, vika Náttúru- og samfélagsgreinar - Þekki líkama sinn, helstu líffæri og hlutverk þeirra. - Hefur hlotið fræðslu og tekið þátt í umræðum um mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis - Hefur kynnst hugtökunum hægri, vinstri, upp, niður, fram og aftur - Hefur útbúið einfalt ættartré fyrir sögupersónu, sem sýnir skyldleika fjölskyldu Jákvæður agi - Áfram unnið með samskipti, samvinnu og umburðarlyndi. Nýtum bekkjarsáttmála, lausnahjól og önnur verkfæri jákvæð aga
Febrúar	<u>Fjölbreytileikinn</u> Námsefni: - Gæðatexti: Fjölskyldubókin - Gæðatexti: Ég er Jazz - Lestralandið	<i>Fjallað er um fjölbreytileika fólks og mismunandi fjölskyldugerðir. Lögð er áhersla á umburðarlyndi og samkennd í garð annarra.</i> Íslenska Getur fylgst með umræðu og tekið þátt í þeim.

	• Stærðfræðispæjarar 1 • Sproti 1b • Skrift 1 A • Ritrún 1 • Litla Lesrún • Töluskript Námsmat • Námsmat kennara	• Getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt • Getur farið eftir reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig í einu Stærðfræði • Getur mælt með óstöðluðum mælieiningum • Þekkir og getur beitt hugtökunum sentimetri og metri Náttúru- og samfélagsgreinar • Ber virðingu fyrir sér og öðrum. • Hefur hlotið fræðslu og tekið þátt í umræðum um að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki er eðlilegur Jákvæður agi • Áfram unnið með samskipti, samvinnu og umburðarlyndi. Nýtum bekkjarsáttmála, lausnahjól og önnur verkfæri jákvæð aga
Mars	<u>Stafrófið</u> Námsefni: • Gæðatexti: Stórhættulega stafrófið • Gæðatexti: Stafrófskver • Stærðfræðispæjarar 1 • Lestralandið • Skrift 1A • Ritrún 1 • Litla Lesrún • Heimsókn á Safnahúsið Námsmat • Námsmat kennara	<i>Unnið með íslenska stafrófið á fjölbreyttan hátt. Unnið samhliða með ýmsar raðir og tíma, til dæmis rætt um sögu Húsavíkur og myndun þéttbýlis, hugtökin fyrr og nú og farið í vettvangsheimsókn í Safnahúsið ásamt göngutúrum.</i> Íslenska • Þekkir stafrófið og getur raðað einföldum orðum í stafrófsröð • Hefur kynnst hugtökunum sérhljóði og samhljóði Stærðfræði • Getur talið á tugum 0-100 • Getur fundið nágrannatölur Náttúru- og samfélagsgreinar • Hefur hlotið fræðslu og tekið þátt í umræðum um samspil manns og náttúru með tilliti til búsetu, atvinnu fólks og myndunar þéttbýlis. • Hefur hlotið fræðslu og tekið þátt í umræðum um örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur í heimabyggð Jákvæður agi • Áfram unnið með samskipti, samvinnu og umburðarlyndi • Nýtum bekkjarsáttmála, lausnahjól og önnur verkfæri jákvæð aga

Apríl	<u>Páskar og vor</u> Námsefni: - Gæðatexti: Páskar - Gæðatexti: ákveðið síðar - Stærðfræðispæjarar 1 - Sproti - Töluskript - Lestralandið - Skrift 1A - Ritrún 1 - Litla Lesrún - Fínhyreyfingar Námsmat - Námsmat kennara - Sjálfsmat nemenda	<i>Fjallað um atburði dymbilviku og páska og árstíðina vor.</i> Íslenska - Notar bil á milli orða. - Dregur rétt til stafs og notar rétt grip - Þekkir bókstafina og hljóð þeirra Stærðfræði - Þekkir kúlu, sívalning og ferstrending. - Þekki smápeninga og gildi þeirra (1 kr., 5 kr. og 10 kr.) - Getur fundið týndan þátt í samlagningu og frádrætti Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst atburðum dymbilviku og páska - Hefur kynnst völdum tegundum íslenskra plantna Jákvæður agi - Áhersla á samvinnuleiki
Mái – júní	<u>Umhverfið okkar</u> Námsefni: - Gæðatexti: Komdu og skoðaðu umhverfið - Gæðatexti: Litla lírfan ljóta - Stærðfræðispæjarar 1 - Lestralandið - Skrift 1 A - Ritrún 1 - Litla Lesrún - Töluskript - Fínhyreyfingar - Víðsjá - Tölvusmásjá Námsmat - Kennarar fylgjast með skilningi nemenda á viðfangsefni og getu til úrvinnslu þess. Merkt í hæfnikort í Mentor. Sjálfsmat nemenda eftir því sem við verður komið.	<i>Nemendur skoða umhverfið og lífríkið í kringum skólann.</i> Íslenska - Talar skýrt og áheyrilega - Hefur góðan lesskilning - Getur valið sér bækur við hæfi á bókasafni Stærðfræði - Getur nýtt sér viðeigandi hjálpargögn; s.s. talnagrind, kubba, talnalínu, reglustiku, klukku, vennkort. - Þekkir hugtökin tugur og eining - Þekkir grunnhugtök stærðfræðinnar; s.s. yfir, undir, fyrir ofan, fyrir neðan, fyrir framan, fyrir aftan, á undan, á eftir, við hliðina á, á milli. Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur lært að taka tillit til veðurs, t.d. að klæða sig eftir veðri - Hefur hlotið fræðslu og tekið þátt í umræðum um að taka eftir veðri, vindum, úrkomu, birtu og skýjafari - Hefur hlotið fræðslu og tekið þátt í umræðum um helstu breytingar á nánasta umhverfi eftir veðri og árstíðum

	• Ýmsar munnlegar kannanir • Yfirferð á vinnu nemenda í vetur • Lesfimi	Jákvæður agi • Áfram unnið með samskipti, samvinnu og umburðarlyndi • Nýtum bekkjarsáttmála, lausnahjól og önnur verkfæri jákvæðs aga
--	---	--